



233. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. haldinn þann 27. febrúar 2014, kl. 8:30 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt eru: Gunnar Egilsson, Ari Thorarerenen, Aðalsteinn Sveinsson og Aldís Hafsteinsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu.
Guðfinna Þorvaldsdóttir boðaði forföll og slíkt hið sama gerði varamaður hennar.

1. Sameining Sorpu og SOS.

Formaður gerði grein fyrir stöðu viðræðna og þeim fundum sem haldnir hafa verið með vinnuhópnum tveimur. Beðið er eftir upplýsingum frá fjármálastjórum Reykjavíkur og Kópavogs en til stóð að þeir myndu fara yfir fjárhagsupplýsingar og mat á fyrirtækjunum sem unnið hefur verið af endurskoðunarfyrirtæki. Boðað hefur verið til fundar milli aðila síðdegis í dag og vonast er til að þar muni niðurstaða fjármálastjóranna verða kynnt.

Samþykkt að stjórn ræði við fulltrúa Ölfusinga varðandi Nessand þegar frekari tölur um magn liggja fyrir. Ljóst er að gildandi samningur aðildarsveitarfélaga SOS um urðun í Álfsnesi rennur út í júní og því er afar mikilvægt að viðræðum verði hraðað eins og kostur er.

2. Bréf frá Landgræðslu ríkisins dags. 7. janúar 2014.

Í bréfinu er gerð grein fyrir svári Landgræðslu ríkisins við bréfi SOS dags. 19. desember 2013 þar sem óskað var eftir að kaupa af Landgræðslu ríkisins hluta úr Nessandi. Í svarinu kemur fram að Landgræðslan muni á næstunni kynna málið fyrir hlutaðeigandi aðilum svo sem Jarðeignum ríkisins o.fl.

Þorvarður Hjaltason mætti á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir samtali sem hann hefur átt við lögmann Landgræðslunnar um þá möguleika sem eru í stöðunni varðandi Nessand. Ljóst er að bein kaup SOS á landinu þurfa samþykki fjárlaganefndar en kaupi sveitarfélagið Ölfus landið er það einfaldara ferli.

Aðalsteinn og Gunnar sem eru skipaðir í vinnuhóp um sameiningu Sorpu og SOS gerðu grein fyrir viðræðum sem átt hafa sér stað við fulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss.

Stjórn samþykkir að óska eftir frekari upplýsingum og magntölum frá Sorpu varðandi mögulegt endurvinnslusvæði og takmarkaða urðun á Nessandi.

Fleiri ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.